

Mál nr. 31/2007

M og

Vátryggingafélagið V v. réttaraðstoðartryggingar í fjölskyldutryggingu

Ágreiningur um bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu vegna innsetningarmáls
þ.13.12.2006 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.2.2007 ásamt fskj. 1-7
2. Bréf V dags. 15.2.2007 ásamt vátryggingaskilmálum.

Málsatvik.

M höfðaði innsetningarmál og gerði þær dómkröfur að börn hans yrðu tekin af barnsmóður hans og gerði kröfur til að kostnaður við málið yrði greiddur úr réttaraðstoðartryggingu hjá V. Lögmaður M bendir á að túlkun V á vátryggingaskilmálum sé ekki réttmæt og innsetningarmál það sem um ræði varði hvorki ágreining um forræði eða umgengnisrétt heldur sé málið rekið á grundvelli 78.gr. aðfararlaga nr. 90/1989 með heimild í 45 gr. Barnalaga nr. 76/2003. Þá segir lögmaðurinn að ágreiningur í málinu snúist ekki um umgengni eða forsjá heldur sé spurningin um að koma á réttu og lögmætu ástandi. V hafnar bótaskyldu og vísar til ákvæðis í 2. gr a í skilmálum réttaraðstoðartryggingarinnar. Þá bendir V á að ekki væri verið að fara í umrætt innsetningarmál nema um væri að ræða ágreining um forræði barna og/eða umgengni við börnin. Móðirin hafi numið börnin á brott og hafi neitað að skila þeim til réttis forsjármanns.

Álit.

Innsetningarmál það sem lögmaður M fer með fyrir hann byrjar nokkru eftir að gengið hafði verið frá því hvaða aðili skyldi fara með forsjá barnanna sem um ræðir og hvernig umgengni við þau skyldi háttað. Í vátryggingaskilmálum er undanþáguákvæði þegar um er að ræða mál sem varðar hjónaskilnað eða mál sem koma í sambandi við hjónaskilnað svo og ágreining um forræði barna og umgengnisrétt. Fallast ber á það með lögmanni M að innsetningarmál það sem hér ræðir um varði ekki ágreining um forsjá barna eða umgengnisrétt. Þá varðar það heldur ekki hjónaskilnað. Mál það sem hér ræðir um snýst um það að lögmaður M gerir kröfu til að M nái fram rétti sínum sem forsjáraðili. Undanþáguákvæði 2.gr. a tekur því ekki til þess réttarágreinings sem hér ræðir um og því um bótaskyldu að ræða af hálfu V vegna innsetningarmáls M.

Niðurstaða.

M á rétt á greiðslu úr réttaraðstoðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 16.3.2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.